

LESBÓK



Stína Ágústs á Jómfrúnni í dag

Stína Ágústs kemur fram á Jómfrúnni í dag, laugardag, kl. 15 ásamt Sigurði Flosasyni á saxófón, Sunnu Gunnlaugs á píanó, Þorgrími Jóns-yni á kontrabassa og Einari Scheving á trommur. Aðgangur ókeypis.



Þór Stefánsson, skáld og ljóðapýðandi.

Morgunblaðið/Árni Matthíasson

Leitað í grasrótina

Undanfarin ár hefur Þór Stefánsson jöfnum höndum unnið að eigin ljóðagerð og að pýðingum á sænskum og frönskum ljóðum. Í nýrri ljóðabók, sem geymir ljóð á íslensku og frönsku, yrkir hann um lífið og ástina.

Árni Matthíasson arnim@mbl.is

Frá því fyrsta ljóðabók hans kom út 1989 hefur Þór Stefánsson sent frá sér allmargar bækur – sú fjórtánda, *Ástin og lífið / L'amour et la vie*, kom út á dögunum. Bækur hans hafa líka margar verið pýddar og gefnar út erlendis, *Í ljósi þínu*, sem kom út 2003, hefur til að mynda komið út á frönsku, dönsku, japönsku og arabísku.

Að þessu sögðu þá er Þór ekki síður þekktur sem pýðandi, í það minnsta á síðustu árum, en hann hefur verið iðinn við að kynna franskan skáldskap fyrir Íslendingum og einnig þýtt ljóð úr sænsku.

Ljóðin í *Ástinni og lífinu / L'amour et la vie* eru á íslensku og frönsku í pýðingu Þórs og Nicole Barriere, en þess má geta að í tengslum við útgáfuna standa Déchargeurs-leikhúsið og Norræna bókasafnið í París að dagskrá um verk Þórs þar í borg í október.

Franska bókaforlagið L'Harmattan gefur bókina út en Nicole Barriere, sem pýðir ljóðin með Þór, stýrir ljóðaútgáfu á vegum þess. Hann segir að hún hafi gengið eftir því við sig að fá að pýða með honum ljóð á íslensku á frönsku og honum dottið í hug að taka fyrir ljóðabók sem hann var að ganga frá.

„Ég þýddi svo og hún fór yfir pýðingarnar og sendi mér athugasemdir. Ég hef ekki viljað ganga frá pýðingum á frönsku nema með öðrum.“

Ljóðin í *Ástinni og lífinu / L'amour et la vie* eru öll frumort á íslensku og svo snarad á frönsku. Þór segir að ljóðin í bókinni hafi verið ort fyrir um tveimur árum og þá á einu ári eða svo. „Það er yfirleitt þannig, flestar bækurnar

mínar eru skrifaðar sem ein heild eða nokkrar heildir.“

Byrjað á Guillevic

Fyrsta bókinn með ljóðapýðingum Þórs kom út fyrir tuttugu árum. Hann rekur upphaf pýðinga sinna til samtals sem hann átti við Pjetur Hafstein Lárusson, en þeir voru í stjórn bókmenn-afélagsins Hringskugga. „Við vorum eitt sinn að tala um pýðingu sem hann hafði gert og hann sagði þá að skáldum sem kynnu önnur tungumál bæri að pýða á íslensku skáld sem ortu á þeim málum. Ég fór að svipast um og valdi Eugène Guillevic, kannski af því að hann er knappur, mér finnst oft að frönsk skáld séu of málgefin.“

Ég þýddi fyrstu bókina eftir hann 1997, *Skáldskaparmál*, og hún kom út stuttu eftir að hann lést. Ég sendi ekkju hans, Lucie Albertini-Guillevic, eintak af pýðingunni og hún skrifaði mér að eftir lát hans hefði hún ekki getað lesið ljóð hans, en þessi bók hefði hjálpað henni að nálgast þau að nýju. Hún væri búin að lesa pýðinguna afturábak og áfram, kynni ljóðin utan að og væri því mjög ánægð með hvað þetta væri frábær pýðing, en klykkti svo út með að hún kynni ekki orð í íslensku,“ segir Þór og hlær við. „Nokkru síðar fórum við hjónin í ferð til Parísar og bönkuðum upp á hjá henni og komumst að því að þetta var stórmerkileg kona, því hún hefur þýtt reiðinnar býs af ljóðum á frönsku með Norðurlandabúum sem gefa henni merkinguna og hún pýðir síðan á frönsku.“

Datt inn í safnritin

Lucie Albertini vildi einnig pýða með Þór ljóð

„Það hefur enginn sagt mér að pýða neitt, ég hef valið það sjálfur [...] ég fer ofan í grasrótina og spyr ekki fyrirfram hvort skáldið sé búíð að fá verðlaun eða njóti vinsælda.“

íslenskra skálda og þau þýddu saman ljóðabók hans *Í gróðurreit vorsins*, sem heitir á frönsku *La carré vert du printemps* og einnig bókina *Í ljósi þínu* sem kom út á íslensku 2003, en á frönsku 2016 sem *Dans Ta Lumière*.

Þór segir að kynnin af Lucie Albertini hafi opnað ýmsar dyr hvað varðar samskipti við önnur ljóðskáld frönsk. „Þegar við vorum langt kominn með að pýða *Í ljósi þínu* barst mér boð um að koma á ljóðahátíð í Kanada, en Lucie var kunningi þess sem stýrði þeirri hátíð, Gastons Belmars, og hann bauð mér að koma til Kanada með þessa pýðingu. Í þeirri ferð bað hann mig að pýða á frönsku safn íslenskra skálda sem ég þýddi svo með Lucie og heitir *25 poètes islandais d'aujourd'hui* sem kom út í Kanada og Frakklandi.

Það má segja að þar með hafi ég verið kominn af stað í safnritum,“ segir Þór og kímir. „Þegar ég fór frá Québec hafði ég með mér sýnishorn af Québec-skáldum sem ég þýddi, *Québecskáld – sýnisbók*, sem kom út 2005, og tók svo næst fyrir frönskumælandi skáld frá Belgíu, *Fuglar, eldingar og fleiri andrár*, sem kom út 2008, frönskumælandi afrísk skáld, *Trumbur og strengir*, sem kom út 2009, frönskumælandi

arabísk skáld, *Mennska í myrkrinu*, sem kom út 2014, og svo ljóð franskra skáldkvenna, *Frumdrög að draumi*, sem kom út í fyrra.“

Partur af mínu höfundarverki

Ekki er bara að Þór hafi þýtt ljóð úr frönsku, því hann hefur líka sent frá sér bækur með ljóðapýðingum úr sænsku, Ljóðasafn Edith Södergran kom út 2011, og *Haf, jörð og himinn*, ljóð frá Álandseyjum, kom út 2012. Hann segir þær pýðingar þannig til komnar að á sínum tíma hafi hann lent í stappi með útgefendur sumra belgísku skáldanna sem hann vildi pýða og einnig nokkurra afrísku skáldanna, því útgefendur þeirra vildu fá fölgur fjár fyrir leyfi til að snara ljóðunum á íslensku og gefa út. „Ég sneri mér því að Finnlandssvímum á tímabili, leitaði að höfundi sem hefði látist fyrir sjötíu árum og það reyndist vera Edith Södergran, sem er dásamlegt skáld. Ég þýddi öll ljóðin hennar og þar sem hún var Finni fór ég að leita að fleiri sænskumælandi finnskum skáldum og fann þau á Álandseyjum.“

Þór segist ekki hafa séð það fyrir þegar hann tók áskorun Pjeturs Hafstein Lárussonar að svo stór hluti af ævistarfi hans yrði pýðingar. „Ég lít reyndar á þetta sem part af mínu höfundarverki. Það hefur enginn sagt mér að pýða neitt, ég hef valið það sjálfur og með pýðingar á íslensku er þetta svolítið öðruvísi en er algengast, menn halda áfram að pýða Shakespeare eða Elouard, en ég fer ofan í grasrótina og spyr ekki fyrirfram hvort skáldið sé búíð að fá verðlaun eða njóti vinsælda. Ég fer í flóruna eins og mér sýnist.“